

**Nd.**

**60. Frumvarp**

til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlands-  
eyjum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast,

sem þangað eru fluttar frá Bretlandseyjum. Tekur bann þetta til hverrar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn eftir að lög þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland og leggja hjer upp afla sinn.

Nú breytist ástandið svo, að Stjórnarráð Íslands telur banns þessa ekki þörf lengur, og er því þá heimilt að ljetta banninu af með auglýsingu, að einhverju leyti eða með öllu.

2. gr.

Samskonar útflutningsbann og getur um í 1. gr. er Stjórnarráði Íslands heimilt að léggja með reglugjörð á vörur, sem til Íslands flytjast frá öðrum löndum.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, sem út verða gefnar samkvæmt lögnum, varða sektum til landssjóðs allt að 5000 kr. eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða itrekað, og fer um mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.